

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2021

Drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð

Samtök Kvikmyndaleikstjóra (SKL) leggja hér fram umsögn að máli nr.220/2021 sem birtist á samráðsgátt 22.nóvember síðastliðinn.

Inngangur

Um langt skeið hefur verið knýjandi þörf á nýrri reglugerð sem tekur mið af breyttu landslagi í kvikmyndagerð, nýjum miðlunarleiðum og möguleikum á fjölbreyttari aðferðum við sköpun kvikmyndaverka. Þörf hefur verið að skerpa á skyldum og réttindum íslenskra kvikmyndagerðarmanna en einnig verklagi Kvikmyndasjóðs. Sér í lagi auknu gagnsæi við úrvinnslu umsókna.

Við þökkum fyrir allt það góða í þeim drögum sem nú liggja til umsagnar og ávörpum það ekki sérstaklega en eftir fylgja athugasemdir okkar um það sem við teljum að betur þurfi að skilgreina.

Um áráraðir hefur verið lögð áhersla á að rýmka þurfi reglur Kvikmyndasjóðs svo mögulegt sé fyrir kvikmyndahöfunda, sem það kjósa, að vinna eftir óhefðbundnari og tilraunakenndari aðferðum við sköpun kvikmyndaverka. Þ.e. að ekki þurfi í öllum tilfellum að liggja fyrir handrit með fullskrifuðum samtölum eins og núgildandi reglugerð tilgreinir. Slíkt á að vera möguleiki fyrir alla kvikmyndahöfunda, óháð reynslu og fyrri verkum.

Víðsvegar í löndunum í kringum okkur hafa leikstjórar tækifæri til að vinna eftir óhefðbundnari aðferðum, sem í mörgum tilfellum felast í því að persónusköpun er unnin í samvinnu við leikara yfir langan tíma og leiktexti verður til lífrænt á tókustað.

Hinsvegar í þeim tilvikum sem leikstjórar héraendis hafa unnið eftir slíkum aðferðum hefur þeim verkum ávallt verið synjað um framleiðslustyrk frá Kvikmyndasjóði á þeirri forsendu að ekki lægi fyrir hefðbundið fullbúið handrit. Þó svo að umsækjandi hafi skilað inn skýrum og nákvæmum söguþræði og/eða lýsingu á framvindu og uppfyllt alla aðra þætti umsóknar.

Í þessum verkum neyddust aðstandendur og samstarfsfólk til að taka mikla fjárhagslega áhættu í formi bankalána og gefa eftir stærstan hluta launa sinna. Má þar nefna margverðlaunaðar íslenskar kvikmyndir eins og "Sveitabruðkaup" eftir Valdísi Óskarsdóttur, "Börn" og "Foreldrar" eftir Ragnar Bragason og "XL" eftir Marteinn Þórssón, allt myndir sem hlutu fjölmörg verðlaun og viðurkenningar innanlands sem erlendis.

Einnig hefur í langan tíma verið krafa um styrki fyrir sprotamyndir nýrra leikstjóra og framleiðenda. Ekki síst til að örva og stuðla að nýliðun í faginu og gefa upprennandi kvikmyndahöfundum aukið svigrúm til að öðlast reynslu og færni.

SKL fagnar því að þau drög sem nú eru til umsagnar komi inn á tilraunaverkefni annarsvegar og sprotaverkefni upprennandi kvikmyndahöfunda hinsvegar. Þessir tveir málaflokkar virðast hins vegar vera settir undir einn hatt í reglugerðinni, t.d. í 9.gr: "Kvikmyndasjóði er þó einnig heimilt að veita styrki til tilrauna-/sprotaverkefna nýrra framleiðenda og leikstjóra".

SKL bendir á að reglugerðin þurfi að aðgreina þetta tvennt með skýrum hætti og forðast að tveir ólíkir hlutir falli undir sömu skilgreiningu.

Í lögum um kvikmyndagerð hefst 6.gr svo:

Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð og gerð kvikmynda sem hafa íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun, nema sérstök menningarleg rök leiði til annars, með fjárstuðningi.

Þar sem grunnhlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð í heild sinni gerir SKL athugasemd við hversu viðamikil skilgreining er á hlut framleiðenda í drögunum en lítil áhersla á alla aðra er við greinina starfa, þ.á.m raunverulega höfunda kvikmynda, sem eru handritshöfundar og leikstjórar. Mikilvægt er að gæta jafnræðis og standa vörð um alla kvikmyndagerðarmenn.

6.gr. Kvikmyndaráðgjafar og mat á umsóknum.

SKL leggur til að orðalagi verði breytt í lýsingu á hlutverki kvikmyndaráðgjafa. Í stað þess að ráðgjafi leggi til *Listrænt mat* verði talað um *Faglegt mat*.

Það hugtak nær betur utan um alla þætti umsóknarferlis og æskilegt er að forðast orðalag sem ýtir undir að persónulegur smekkur eða gildismat kvikmyndaráðgjafa ráði för um mat á umsóknum. Meðferð kvikmyndaráðgjafa á fyrst og fremst að vera fagleg og til stuðnings listrænni sýn kvikmyndahöfundarins.

SKL leggur einnig til að skilgreint verði betur hvernig mat kvikmyndaráðgjafa er framsett og að sú skilgreinda framsetning tryggi að umsækjendur fái faglega meðferð á umsókn sinni.

Í umsókn liggur til grundvallar nákvæmur listi yfir þá þætti sem umsækjandi þarf að skila inn og krafist er faglegra vinnubragða. Sömu kröfur ætti að gera um störf kvikmyndaráðgjafa. Mikilvægt er að umsækjandi fái ekki á tilfinninguna að geðþótti/smekkur hafi ráðið niðurstöðu eða að það þurfi að rýna í það sem er óljóst eða ósagt. Með því að skilgreina með skýrum hætti hvað umsögn kvikmyndaráðgjafa á að innihalda, er hægt að komast hjá slíku og umsagnir kvikmyndaráðgjafa ættu að fylgja nákvæmt skilgreindu og stöðluðu formi. Þessi háttur er hafður á hjá kvikmyndamiðstöðvum nágrannalandsanna en hingað til hefur þessu verið ábótavant hjá KMÍ í mörgum tilfellum.

7.gr. Handritsstyrkir.

Kvikmyndahöfundar hafa mjög fá úrræði þegar kemur að fjármögnun handritsskrifa og hafa t.a.m ekki hingað til átt þess kost að sækja um laun úr starfslaunasjóði listamanna. Handritsstyrkir Kvikmyndasjóðs eru því oftast eina úrræðið.

Því er mjög mikilvægt að styrkja þennan hluta og SKL vill benda á mikilvægi þess að fjárhæð handritsstyrkja hækki í samræmi við verðþróun. Ekki síst þurfa upphæðir handritsstyrkja til leikins kvikmyndaefnis fyrir sjónvarp/efnisveitur að hækka. Umfang slíkra verka er margfalt á við bíómyndir og krefjast í flestum tilfellum aðkomu fleiri höfunda.

Aðeins framleiðendur geta sótt um framleiðslu, þróunar, kynningar og eftirvinnlustyrki. Því gerir SKL alvarlega athugasemd við að framleiðendur geti einnig sótt um handritsstyrki; eina fjármagnið sem Kvikmyndasjóður veitir beint til kvikmyndahöfunda, án aðkomu framleiðanda.

Í 9.gr. segir: *"Tímabundin viljrði og framleiðslustyrkir eru aðeins veittir sjálfstæðum framleiðendum sem hafa reynslu og/eða staðgóða þekkingu á kvikmyndagerð."* Þessi skilyrði mætti yfirfæra á handritsstyrki. Að skrifa kvikmyndahandrit er sérhæfing sem krefst menntunar, reynslu og þekkingar á ákveðnu sviði. Það getur ekki hver sem er skrifað kvikmyndahandrit, ekki frekar en hver sem er geti framleitt kvikmynd.

Því leggur SKL til að þeir höfundar sem áður hafi skrifað handrit er orðið hafa að kvikmynduðum verkum fari í forgang við afgreiðslu handritsumsóknna.

Út frá fyrrgreindum rökum leggjum við því til eftirfarandi viðbót:

"Þeir handritshöfundar sem hafa viðurkennda reynslu af kvikmynduðum verkum hafi forgang við afgreiðslu umsóknna um handritsstyrk."

SKL gerir einnig athugasemd við að eingöngu framleiðandi geti sótt um handritsstyrk til kaupa á höfundarrétti verks. Handritshöfundur eða leikstjóri ættu hér að hafa jafnan rétt á við kvikmyndaframleiðanda. Hins vegar telur SKL (í samræmi við ofangreindar athugasemdir um þróngan kost handritshöfunda á Íslandi) að kaup á rétti verks ættu alls ekki að falla undir handritsstyrki, heldur eigi frekar heima annars staðar, t.d. undir ákvæðum um þróunarstyrki (8.gr.). SKL er með öðrum orðum andvíg því að handritastyrkir fari í annað en skrif á handritum.

9.gr. Framleiðslustyrkir.

Til að gæta samræmis í reglugerð, með vísan í þá nýbreytni að veita tilraunakenndari aðferðum og sprotataverkum stuðning, leggur SKL til eftirfarandi orðalagsbreytingar:

Í drögum stendur:

"Framleiðslustyrk má veita þegar fullbúið handrit liggur fyrir."

Lögð er til eftirfarandi orðalagsbreyting, út frá rökum í inngangi:

"Framleiðslustyrk má veita þegar sýnt hefur verið fram á fulla fjármögnun."

Síðar í 9.gr. er talað um styrki til sprotaverkefna:

"...Kvikmyndasjóði er þó einnig heimilt að veita styrki til tilrauna-/sprotaverkefna nýrra framleiðenda og leikstjóra."

Lögð er til eftirfarandi orðalagsbreyting, sbr ofangreinda athugasemd SKL við núverandi samspyrðingu tilrauna- og sprotaverkefna:

"...Kvikmyndasjóði er þó einnig heimilt að veita styrki til sprotaverkefna nýrra framleiðenda og leikstjóra"

11.gr. Umsóknargögn og kostnaðaráætlun.

Í drögum er tilgreint að framleiðanda sé heimilt að kostnaðaráætlun innihaldi stjórnunarkostnað upp að 7.5% af heildarkostnaðaráætlun, að frádreginni 10% óvissu og þóknun framleiðenda. SKL bendir á að þetta orðalag er frekar opið og óskar eftir nákvæmari skilgreiningu á hvað nákvæmlega orðið "stjórnunarkostnaður" inniberi.

Hinsvegar er hvergi í reglugerð minnst á fjárhagslega afkomu annarra kvikmyndagerðarmanna og bendir SKL á mikilvægi þess að gæta jafnræðis. Sem dæmi er hvergi minnst á að í meðferð þessa opinberu fjármuna beri framleiðanda að standa skil á launagreiðslum er standist eðlileg viðmið á hverjum tíma.

Í 11.gr segir ennfremur:

"Þá þurfa ávallt að liggja fyrir skriflegir samningar við handritshöfunda, tónhöfunda, leikstjóra og eftir atvikum aðra höfundarrétthafa verkefnisins þar sem fram kemur m.a. að viðkomandi rétthafi, sérstaklega höfundur bókmenntaverks, handrits og tónverks, séu upplýstir um styrkveitingar og stöðu hins styrkhæfa verkefnis, sbr. 41. og 42. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum".

SKL telur að þessi upplýsingagjöf um fjárhagslega stöðu hins styrkhæfa verkefnis sé mjög mikilvæg, en bendir á að orðalag er alltof óljóst. Það þarf að skilgreina betur og formfesta með hvaða hætti höfundarrétthafar eru upplýstir af framleiðendum um fjárhagsstöðu verkefnisins. Ef slíkt er ekki skýrt nánar í reglugerð mun vera erfitt að fylgja því eftir.

Við leggjum til að framleiðanda sé skylt að senda höfundarrétthöfum yfirlit um fjármagnsstreymi tvisvar á ári fyrstu fimm ár frá framleiðslu, svo árlega eftir það. Einnig er óskað eftir viðurlögum, uppfylli framleiðandi ekki þessi skilyrði.

12.gr. Málsmeðferð við mat á umsóknum.

Með vísan í athugasemd við 6.gr. hér að ofan leggur SKL til að orðalagi verði breytt. Í stað þess að talað sé um *Listrænt mat* verði talað um *Faglegt mat*.

13.gr. Meðferð og umsýsla umsókna.

Um langt skeið hafa svör við umsóknum frá KMÍ einkennst af miklum töfum. Í drögnum er tímarammi ekki tilgreindur en mikilvægt að það sé gert.

Sérstaklega má skerpa á þeim tíma sem tekur að fá svör við handritsumsóknnum, enda eru þær einfaldari bæði hvað varðar umfang og yfirferð.
SKL leggur til að umþóttunartími á stærri umsóknnum séu 8-10 vikur.
SKL leggur til að umþóttunartími á handritsumsóknnum séu 4-6 vikur.

17.gr. Uppgjör og skil.

Mikilvægt er að 17.gr tilgreini að höfundarétthafar verkefnisins, leikstjóri sem aðrir, hafi aðgang að tilgreindu fullnaðaruppgjöri, til að tryggja gagnsæi.

18.gr Aðrir styrkir.

Í drögunum stendur:

"Einnig er heimilt að veita styrki vegna tilraunamynda, sprotaverkefna og annarra listrænna kvikmyndaverkefna sem stuðla að framþróun í greininni samkvæmt nánari reglum sem Kvikmyndamiðstöð setur. "

SKL bendir á að þessir tilteknu styrkir eigi ekki að vera opnir og háðir óskilgreindum ákvörðunum starfsmanna Kvikmyndasjóðs á hverjum tíma. Skýrar reglur þurfi að vera um verkferla slíkra umsókna, líkt og gildir um aðra framleiðslustyrki.

Ef reglugerð er ekki skýr eru allar líkur á að sjóðurinn muni ekki styrkja slík verkefni frekar en áður. Því leggur SKL til að þetta verði flutt og aðlagð að 9.gr.

Að lokum

SKL bendir á að í reglugerðinni er hvergi er minnst á hvata til framleiðslu barnaefnis. Skortur á vönduðu barnaefni á íslensku er alvarlegt vandamál og mikilvægt að íslensk æska fái speglun á sinn séríslenska raunveruleika, bæði upp á sjálfsmynd og eflingu tungumálsins.

Í reglugerðinni er heldur ekki minnst á hvata til framleiðslu kvikmynda sem hafa sögulegt gildi og eru alla jafna mjög dýrar í framleiðslu og þarfnast sérstakrar meðferðar innan Kvikmyndasjóðs. Framleiðsla slíkra kvikmynda hefur nánast lagst af í seinni tíð, en þær eru að sjálfsögðu mikilvægar fyrir varðveislu menningararfsins. Þetta er eitthvað sem vert er að skoða.

SKL bendir að lokum á virði höfundarréttar.

Til þess að framleiða kvikmynd þarf höfundur að framselja rétt sinn til framleiðanda. Því má líkja við gjöf því ekki er sérstaklega greitt fyrir slíkt framsal. Höfundur fær að öllu jöfnu greitt fyrir útlagða vinnu en ekki fyrir sjálft höfundaverkið. Í framhaldi getur framleiðandi svo haft ótakmarkaða fjárhagslegan ávinning af, í flestum tilvikum án þess að höfundur njóti góðs af. Reglugerð þarf að tryggja að höfundur njóti arðs verka sinna í sanngjörnu hlutfalli.


Með vinsemi og virðingu
Stjórn Samtaka Kvikmyndaleikstjóra



Dagur Kári Pétursson
Formaður



Dögg Mósesdóttir
Varaformaður



Hilmar Oddsson
Gjaldkeri



Ragnar Bragason
Ritari



Hrönn Sveinsdóttir
Meðstjórnandi

Samtök Kvikmyndaleikstjóra - icelandicdirectors@gmail.com